

Nd.

### 33. Frumvarp til laga

[26. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Ingimundarson,  
Gunnar Jóhannsson.

#### 1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist skv. því):

Ef hann hefur rekið sildarverkun og verzlun með sildarafurðir utan heimilis-  
sveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

#### 2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna komi: 8. gr.,  
a—d-liðir.

b. Orðin „sildarkaup, sildarsala, sildarverkun“ í c-lið 1. tölul. 9. gr. falli niður.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi útsvarslögum, að sveitar-  
félögum skuli heimilt að leggja útsvar á sildarsöltun og sildarverzlun, þar sem  
hún er rekin, án tillits til þess, hvort sá, sem það gerir, er heimilisfastur þar eða  
atvinnureksturinn skráður þar eða ekki.

Er það hið mesta áhugamál forráðamanna margra bæja og kaupstaða á Norður-  
og Norðausturlandi, þar sem sildarsöltun er rekin í stórum stíl og víða að miklu  
leyti af mönnum þar ekki búsettum, að fá útsvarslögunum breytt í það horf, sem  
frumvarp þetta gerir ráð fyrir, enda er það svo, að sildarverkun og sildarvinnsla  
er aðalatvinnuvegur margra staða á þessu svæði. Er því augljóst, að mjög er бага-  
legt fyrir viðkomandi staði að geta ekki nema að nokkru leyti lagt útsvör á þá,  
sem þennan atvinnurekstur stunda.

Í gildandi útsvarslögum felst að vísu heimild til þess að skipta útsvörum, ef  
sérstaklega stendur á, og láta hluta af útsvörum gjaldenda ganga til annars eða  
annarra sveitarfélaga en þess, þar sem gjaldandi á lögheimili og útsvar er á hann  
lagt. Slik heimild getur þó aldrei komið að sama haldi og rétturinn til að leggja  
útsvör á heint, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess, m. a. vegna þess, að hin  
ýmsu sveitarfélög leggja útsvör á gjaldendur eftir allólikum reglum en af því  
leiðir, að staðir, þar sem slíkur atvinnurekstur er stundaður, sem hér ræðir um,  
geta fengið hluta af útsvörum lögðum á eftir allt öðrum útsvarsstiga en þeim,  
sem notaður er þar, sem atvinnureksturinn er stundaður. Er það því í alla staði  
eðlilegt, að þar sem svo stendur á sem hér er gert ráð fyrir, séu útsvör lögð á  
gjaldendur þar, sem þeir stunda atvinnurekstur sinn, sem þeir e. t. v. hafa aðal-  
tekjur sínar af.

Frumvörp nærri samhljóða frumvarpi þessu voru flutt á þingunum 1949,  
1950 og 1954, en urðu aldrei útrædd. Frumvörpunum um þetta efni fylgdu og  
greinargerðir, sem að mestu leyti eru samhljóða þeirri greinargerð, sem hér fer  
á undan.